

Nefndasvið Alþingis,  
b.t. fjárlaganefndar,  
Austurstræti 8 - 10,  
150 Reykjavík.



Reykjavík 9. desember 2021

## Efni: Umsögn um 1. Mál - Þingskjal 120

Félag íslenskra leikara og sviðslistafólks, hér eftir FÍL, gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarp til fjárlaga 2022, eins og það liggur fyrir Alþingi á þingskjali 1.

### 1. Staða sjálfstætt starfandi sviðslistamanna og skerðing á Sviðslistasjóði

Vegna Covid aðstæðna var á síðasta ári sett inn löngu tímabær aukning á framlögum til Sviðslistasjóðs sem hafði 137 milljónir til úthlutunar.

Núverandi frumlag gerir ráð fyrir að skera niður framlag síðasta árs um kr. 42,5 milljónir sem sendir Sviðslistasjóð aftur til ársins 2017

Það er ekki mikil framtíðarsögn og uppbygging í þessari tillögu og er hún í hróplegri mótsögn við markmið ríkistjórnarinnar um að skapa listum og menningu betri skilyrði fyrir fjölbreytni, vexti og nýsköpun. Það er staðreynd að Sjálfstætt starfandi sviðslistafólk er síst í betri stöðu nú en á síðasta ári og bendum við nýrri ríkisstjórn á greiningu Bandalags háskólamanna (BHM) á stöðu listamanna sem út kom í október síðast liðnum <https://www.bhm.is/media/skyrslur-og-greiningar/Greining-051021.pdf>

Niðurlag greiningar BHM er á þessa leið:

*Tengsl efnahagslífs og menningar eru margbrotin og fyrir fámennt samfélag með eigið tungumál þjónar menningin sem lím í samfélagsgerðinni. Mikilvægt er að hið opinbera marki stefnu um aukinn stuðning við menningu á Íslandi, að öðrum kosti er hætt við að menningargreinar beri varanlegan skaða af heimsfaraldri.*

### 2. Sviðslistamenn án kjarasamninga – skerðing á framlagi til sviðslistastofnana

Í fjárlagafrumvarpinu 2022 er niðurskurðarkrafa á flestar menningarstofnanir og við viljum vekja athygli á því að enn eru ákveðnir hópar listamanna starfandi innan sviðslistastofnana án kjarasamnings. Barátta FÍL fyrir að koma öllum listamönnum undir skjól kjarasamninga hefur ekki síst strandað á fjármögnun því það kostar meira að vinna samkvæmt kjarasamningi heldur en á þeim kjörum sem nú bjóðast umræddum aðilum sem eru talsvert undir því gólfi sem kjarasamningar sambærilegra viðmiðurnarhópa segja til um. Við hvetjum nýja ríkisstjórn til að bæta úr þessu.

Virðingarfyllt

F.h. stjórnar FÍL

Birna Hafstein, formaður  
Hrafnhildur Theodórsdóttir, framkvæmdastjóri